

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 21. mars 2006 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins nr. 2005/267/EB frá 16. mars 2005 um að koma á öruggu, veflægu upplýsinga- og samræmingarneti fyrir innflytjendafirvöld aðildarríkjanna, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21/2000. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 21. mars 2006.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytinu, 28. mars 2006.

Geir H. Haarde.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 16. mars 2005

um að koma á öruggu, veflægu upplýsinga- og samræmingarneti fyrir innflytjendafirvöld aðildarríkjanna (2005/267/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 66. gr.,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,
með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins¹,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Í heildaráætlun ráðsins um baráttuna gegn ólöglegum innflutningi fólks og mansali frá 28. febrúar 2002, sem byggist á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins frá 15. nóvember 2001 um sameiginlega stefnu varðandi ólöglegan innflutning fólks, var farið fram á að þróað yrði öruggt, veflægt innra net til að koma á öruggum og hröðum upplýsingaskiptum milli aðildarríkjanna um óeðlilegan eða ólöglegan straum innflytjenda og tengda þætti.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið að sjá um þróun og rekstur kerfisins.
3. Aðgangur að veflægu innra neti skal einskorðast við notendur sem til þess hafa heimild í samræmi við setta skilmála, málsmeðferð og öryggisráðstafanir.
4. Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar ákvörðunar, þ.e. öruggum og hröðum upplýsingaskiptum milli aðildarríkjanna, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Með ákvörðun þessari er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum í samræmi við meðalhófsregluna eins og hún er sett fram í framangreindri grein.
5. Í þessari ákvörðun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi sem væru þau almennar meginreglur í lögum Bandalagsins.

¹ Álitin var skilað 20. apríl 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

6. Taka ber tillit til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga² og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga³ í tengslum við veflægt innra net.
7. Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁴.
8. Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ekki þátt í samþykkt þessarar ákvörðunar og er því ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi ákvörðun er byggð á Schengen-gerðunum, samkvæmt ákvæðum IV. bálks þriðja hluta stofnsáttmála Evrópubandalagsins, nema að því marki sem hún kemur á upplýsingaskiptum um vandamál, tengd endursendingu ríkisborgara þriðju landa, annarra en þeirra sem uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur gildandi skilyrði fyrir stuttri dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkis samkvæmt ákvæðum Schengen-gerðanna, ber Danmörku, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, að ákveða innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt ákvörðun þessa hvort hún tekur hana upp í landslög.
9. Að því er Ísland og Konungsríkið Noreg varðar telst þessi tilskipun vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna, í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér hinn 18. maí 1999 um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna⁵, sem falla innan sviðsins sem um getur í A-, B-, C- og E-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag við beitingu þess samnings⁶, nema að því marki sem hún kemur á upplýsingaskiptum um vandamál, tengd endursendingu ríkisborgara þriðju landa, annarra en þeirra sem uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur viðeigandi skilyrði fyrir stuttri dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkis samkvæmt ákvæðum Schengen-gerðanna.
10. Að því er Sviss varðar telst þessi tilskipun vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna, í skilningi samningsins sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið og Ríkjasambandið Sviss gerðu með sér um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna⁷, sem falla innan sviðsins sem um getur í A-, B-, C- og E-lið 1. gr. ákvörðunar 1999/437/EB, túlkuð í tengslum við 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar ráðsins 2004/849/EB frá 25. október 2004⁸ og ákvörðun ráðsins 2004/860/EB frá 25. október 2004⁹ um undirritunina fyrir hönd Evrópusambandsins, undirritunina fyrir hönd Evrópubandalagsins og um bráðabirgðabeitingu tiltekinnna ákvæða þess samnings, nema að því marki sem hún kemur á upplýsingaskiptum um vandamál, tengd endursendingu ríkisborgara þriðju landa, annarra en þeirra sem uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur viðeigandi skilyrði fyrir stuttri dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkis samkvæmt ákvæðum Schengen-gerðanna.
11. Gera þarf ráðstafanir til að gera fulltrúum Íslands, Noregs og Sviss kleift að koma að starfi nefndarinnar sem aðstoðar framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdavaldi sínu samkvæmt þessari ákvörðun, að því er varðar ákvæðin sem teljast vera þróun á Schengen-gerðunum.
12. Breska konungsríkið tekur þátt í þessari ákvörðun, í samræmi við 5. gr. bókunarinnar, sem fellir Schengen-gerðirnar inn í lagaramma Evrópusambandsins og fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og 2. mgr. 8. gr. ákvörðunar ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis

2 Stjtuð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

3 Stjtuð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

4 Stjtuð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

5 Stjtuð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

6 Stjtuð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

7 13054/04, aðgengileg á <http://register.consilium.eu.int>.

8 Stjtuð. ESB L 368, 15.12.2004, bls. 26.

9 Stjtuð. ESB L 370, 17.12.2004, bls. 78.

Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna¹⁰, að því marki sem ráðstafanir hennar teljast vera þróun á þeim ákvæðum Schengen-gerðanna, sem Breska konungsríkið tekur þátt í, um baráttuna gegn ólöglegum innflutningi fólks, og í samræmi við bókunina um afstöðu Breska konungsríkisins og Írlands, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, þar eð það hefur óskað eftir því, í samræmi við 3. gr. bókunarinnar, að taka þátt í samþykkt og beitingu þessarar ákvörðunar.

13. Írland tekur þátt í þessari ákvörðun, í samræmi við 5. gr. bókunarinnar, sem fellir Schengen-gerðirnar inn í lagaramma Evrópusambandsins og fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna¹¹, að því marki sem ráðstafanir hennar teljast vera þróun á þeim ákvæðum Schengen-gerðanna, sem Írland tekur þátt í, um baráttuna gegn ólöglegum innflutningi fólks.
14. Í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og með fyrirvara um 4. gr. bókunarinnar tekur Írland ekki þátt í samþykkt þessarar ákvörðunar og er því ekki bundið af henni eða beitingu hennar, að því marki sem ráðstafanir hennar teljast ekki vera þróun á þeim ákvæðum Schengen-gerðanna, sem Írland tekur þátt í, um baráttuna gegn ólöglegum innflutningi fólks.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Með þessari ákvörðun er komið á fót öruggu, veflægu upplýsinga- og samræmingarneti til upplýsingaskipta um óeðlilega fólksflutninga, ólöglega komu og ólöglegan innflutning fólks og endursendingu ólöglegra íbúa.

2. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á þróun og rekstri netsins, þ.m.t. skipulagi þess og innihaldi og þáttum varðandi upplýsingaskiptin.
2. Upplýsingaskiptin skulu a.m.k. innihalda eftirfarandi þætti:
 - a) viðvörðunarkerfi um ólöglegan innflutning fólks og net smyglara,
 - b) net tengifulltrúa innflytjendamála,
 - c) upplýsingar um það hvernig vegabréfsáritanir, landamæri og ferðaskilríki eru notuð við ólöglegan innflutning fólks,
 - d) málefni varðandi endursendingu.
3. Netið skal búið öllum viðeigandi búnaði og skal taka ákvörðun um þagnarskyldu varðandi hann í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr.
4. Framkvæmdastjórnin skal nýta sér fyrirbyggjandi tæknilegan verkvang samevrópskra fjarvirknina fyrir gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana innan ramma Bandalagsins.

3. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 6. gr.:

- a) setja skilmála um og koma á málsmeðferð til að veita fullan eða takmarkaðan aðgang að netinu,
- b) mæla fyrir um reglur og viðmiðunarreglur um notkunarskilmála kerfisins, þ.m.t. reglur um þagnarskyldu, sendingu, geymslu, skráningu og eyðingu upplýsinga og um stöðluð eyðublöð.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu veita aðgang að kerfinu í samræmi við ráðstafanir sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 3. gr.
2. Aðildarríkin skulu tilnefna tengiliði í hverju landi og tilkynna það framkvæmdastjórninni.

¹⁰ Stjúd. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.

¹¹ Stjúd. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20.

5. gr.

1. Uppflutningur gagna inn á netið skal ekki hafa áhrif á eignarhald á viðkomandi upplýsingum. Notendur með aðgangsheimild bera einir ábyrgð á þeim upplýsingum sem þeir láta í té og skulu tryggja að innihald þeirra samrýmist að öllu leyti gildandi lögum Bandalagsins og landslögum.
2. Aðgangur að upplýsingunum skal einskorðast við notendur netsins sem hafa aðgangsheimild, nema þær séu merktar sem upplýsingar til almennings, og skal þriðju aðilum ekki greint frá þeim án þess að fengið hafi verið leyfi fyrir því fyrirfram frá eiganda viðkomandi upplýsinga.
3. Aðildarríkin skulu grípa til nauðsynlegra öryggisráðstafana til að:
 - a) koma í veg fyrir að aðrir fái aðgang að netinu en þeir sem hafa aðgangsheimild,
 - b) tryggja að þeir sem hafa aðgangsheimild, hafi eingöngu aðgang að upplýsingum sem heimildir þeirra ná til,
 - c) koma í veg fyrir að þeir sem ekki hafa til þess heimild geti lesið, afritað, breytt eða eytt upplýsingum.
4. Með fyrirvara um 3. mgr. skal framkvæmdastjórnin samþykkja frekari öryggisráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr.

6. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 2002/463/EB frá 13. júní 2002 um samþykkt aðgerðaáætlunar um samvinnu stjórnvalda á sviði ytri landamæra, vegabréfsáritana, hælismála og innflutnings fólks (ARGO-áætlunarinnar)¹².
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.
3. Nefndin setur sér starfsreglur.

7. gr.

1. Ef þörf er á fyrir þróun netsins skal framkvæmdastjórnin gera samninga við stofnanir, sem heyra undir opinberan rétt, sem komið var á fót með stofnsáttmálum Evrópubandalaganna eða innan ramma Evrópusambandsins.
2. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna ráðinu um framvindu samningaviðræðna um slíka samninga.

8. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

9. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. mars 2005.

Fyrir hönd ráðsins,
J. ASSELBORN
forseti.

¹² Stjórn. EB L 161, 19.6.2002, bls. 11.

COUNCIL DECISION
of 16 March 2005
establishing a secure web-based Information and Coordination Network for Member States'
Migration Management Services
(2005/267/EC)

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,
Having regard to the Treaty establishing the European Community, and in particular Article 66 thereof,

Having regard to the proposal from the Commission,

Having regard to the Opinion of the European Parliament¹,

Whereas:

1. The Council's comprehensive plan to combat illegal immigration and trafficking of human beings of 28 February 2002, which is based on the Commission's Communication of 15 November 2001 to the European Parliament and to the Council on a common policy on illegal immigration, called for the development of a secure web-based intranet site to establish secure and rapid information exchange between Member States on irregular or illegal migratory flows and phenomena.
2. The development and management of the network should be entrusted to the Commission.
3. Access to the web-based intranet site should be limited to authorised users in compliance with the established terms, procedures and security measures.
4. Since the objectives of this Decision, namely secure and rapid information exchange between Member States, cannot be sufficiently achieved by the Member States and can therefore, by reason of the effects of the envisaged action, be better achieved at Community level, the Community may adopt measures in accordance with the principle of subsidiarity as set out in Article 5 of the Treaty. In accordance with the principle of proportionality, as set out in that Article, this Decision does not go beyond what is necessary in order to achieve those objectives.
5. This Decision respects the fundamental rights and observes the principles recognised in particular by the Charter of Fundamental Rights of the European Union as general principles of Community law.
6. Directive 95/46/EC of the European Parliament and of the Council of 24 October 1995 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data² and Regulation (EC) No 45/2001 of the European Parliament and of the Council of 18 December 2000 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data by the Community institutions and bodies and on the free movement of such data³ should be taken into account in the context of the web-based intranet site.
7. The measures necessary for the implementation of this Decision should be adopted in accordance with Council Decision 1999/468/EC of 28 June 1999 laying down the procedures for the exercise of implementing powers conferred on the Commission⁴.
8. In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Denmark is not participating in the adoption of this Decision, and is therefore not bound by it or subject to its application. Given that this Decision builds upon the Schengen acquis under the provisions of Title IV of Part Three of the Treaty establishing the European Community, except insofar as it establishes an exchange of information on the problems associated with the return of third-country nationals other than those who do not fulfil or who no longer fulfil the conditions for a short stay applicable within the territory of a Member State by virtue of the provisions of the Schengen acquis, Denmark, in accordance with Article 5 of

¹ Opinion delivered on 20 April 2004 (not yet published in the Official Journal).

² OJ L 281, 23.11.1995, p. 31.

³ OJ L 8, 12.1.2001, p. 1.

⁴ OJ L 184, 17.7.1999, p. 23.

the aforementioned Protocol, shall decide within a period of six months after the Council has adopted this Decision whether it will implement it in its national law.

9. As regards the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, except insofar as it establishes an exchange of information on the problems associated with the return of third-country nationals other than those who do not fulfil or who no longer fulfil the conditions for a short stay applicable within the territory of a Member State by virtue of the provisions of the Schengen acquis, this Decision constitutes a development of the provisions of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement concluded on 18 May 1999 by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen acquis⁵, which fall within the areas referred to in Article 1, points A, B, C and E of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of that Agreement⁶.
10. As regards Switzerland, except insofar as it establishes an exchange of information on the problems associated with the return of third-country nationals other than those who do not fulfil or who no longer fulfil the conditions for a short stay applicable within the territory of a Member State by virtue of the provisions of the Schengen acquis, this Decision constitutes a development of the provisions of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement signed between the European Union, the European Community and the Swiss Confederation concerning the implementation, application and development of the Schengen acquis⁷, which fall within the areas referred to in Article 1, points A, B, C and E of Decision 1999/437/EC read in conjunction with Article 4(1) of Council Decision 2004/849/EC of 25 October 2004⁸ and of Council Decision 2004/860/EC of 25 October 2004⁹ on the signing of that Agreement on behalf of the European Union and the European Community, respectively, and on the provisional application of certain provisions thereof.
11. An arrangement has to be made to allow representatives of Iceland, Norway and Switzerland to be associated with the work of the committee assisting the Commission in the exercise of its implementing powers pursuant to this Decision with respect to the provisions constituting a development of the Schengen acquis.
12. The United Kingdom is taking part in this Decision, in accordance with Article 5 of the Protocol integrating the Schengen acquis into the framework of the European Union annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community and Article 8(2) of Council Decision 2000/365/EC of 29 May 2000 concerning the request of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland to take part in some of the provisions of the Schengen acquis¹⁰, to the extent that its measures develop provisions of the Schengen acquis against the organisation of illegal immigration in which the United Kingdom participates, and the Protocol on the position of the United Kingdom and Ireland annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, having notified under Article 3 thereof its wish to take part in the adoption and application of this Decision.
13. Ireland is taking part in this Decision, in accordance with Article 5 of the Protocol integrating the Schengen acquis into the framework of the European Union annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community and Article 6(2) of Council Decision 2002/192/EC of 28 February 2002 concerning the request of Ireland to take part in some of the provisions of the Schengen acquis¹¹, to the extent that its measures develop provisions of the Schengen acquis against the organisation of illegal immigration in which Ireland participates.

5 OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.

6 OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.

7 13054/04, accessible on <http://register.consilium.eu.int>

8 OJ L 368, 15.12.2004, p. 26.

9 OJ L 370, 17.12.2004, p. 78.

10 OJ L 131, 1.6.2000, p. 43.

11 OJ L 64, 7.3.2002, p. 20.

14. In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of the United Kingdom and Ireland annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, and without prejudice to Article 4 of the said Protocol, Ireland is not taking part in the adoption of this Decision and is not bound by it or subject to its application to the extent that its measures do not develop provisions of the Schengen acquis against the organisation of illegal immigration in which Ireland participates,

HAS ADOPTED THIS DECISION:

Article 1

This Decision establishes a secure web-based Information and Coordination Network for the exchange of information on irregular migration, illegal entry and immigration and the return of illegal residents.

Article 2

1. The Commission shall be responsible for the development and management of the network, including the structure and content thereof and the elements for information exchange.
2. The elements for information exchange shall include at least the following:
 - (a) early warning system on illegal immigration and facilitator networks;
 - (b) network of immigration liaison officers;
 - (c) information on the use of visas, borders and travel documents in relation to illegal immigration;
 - (d) return-related issues.
3. The network shall include all the appropriate tools, the confidentiality of which shall be determined in accordance with the procedure referred to in Article 6(2).
4. The Commission shall make use of the existing technical platform within the Community framework of the trans-European telematic network for the interchange of data between administrations.

Article 3

In accordance with the procedure referred to in Article 6(2) the Commission shall:

- (a) establish the terms and procedures for granting full or selective access to the network;
- (b) lay down rules and guidelines on the terms of use of the system, including rules on the confidentiality, transmission, storage, filing and deletion of information and on standardised forms.

Article 4

1. Member States shall provide access to the network in compliance with the measures adopted by the Commission in accordance with Article 3.
2. Member States shall designate national contact points and notify the Commission thereof.

Article 5

1. The uploading of data onto the network shall not affect the ownership of the information concerned. Authorised users shall remain solely responsible for the information they provide and shall ensure that its contents are fully compliant with existing Community and national law.
2. Unless marked as public, the information provided shall be strictly limited to authorised users of the network and shall not be disclosed to third parties without prior permission of the owner of the information concerned.
3. Member States shall take the necessary security measures to:
 - (a) prevent any unauthorised person from having access to the network;
 - (b) guarantee that, when using the network, authorised persons have access only to data which are within their sphere of competence;

- (c) prevent information on the network from being read, copied, modified or erased by unauthorised persons.
4. Without prejudice to paragraph 3, further security measures shall be adopted by the Commission in accordance with the procedure referred to in Article 6(2).

Article 6

1. The Commission shall be assisted by the Committee set up under Council Decision 2002/463/EC of 13 June 2002 adopting an action programme for administrative cooperation in the fields of external borders, visas, asylum and immigration (ARGO programme)¹².
2. Where reference is made to this paragraph, Articles 3 and 7 of Decision 1999/468/EC shall apply.
3. The Committee shall adopt its Rules of Procedure.

Article 7

1. Where necessary for the development of the network, the Commission shall conclude agreements with bodies governed by public law established under the Treaties establishing the European Communities or established within the framework of the European Union.
2. The Commission shall inform the Council of the progress made in the negotiations of any such agreements.

Article 8

This Decision shall enter into force on the twentieth day following that of its publication in the Official Journal of the European Union.

Article 9

This Decision is addressed to the Member States.

Done at Brussels, 16 March 2005.

For the Council
The President
J. Asselborn

C-deild – Útgáfud.: 17. október 2016

¹² OJ L 161, 19.6.2002, p. 11.